

Fundargerð 32. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 25. nóvember 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Sigrún Elefsen, Þuríður H. Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

1. Gestastofur Reykjanes Geopark

Lagðar fram uppfærðar teikningar af mannlásum gestastofunum. Verkefnastjóra falið að vinna áfram í málinu. Óskað er eftir tillögum að staðsetningu og útfærslu frá sveitarfélögunum fyrir 16. janúar 2017.

2. Samningur um leyfi fyrirtækja til að nota merki Reykjanes Geopark

Lögð fram endurnýjuð drög að samningi um leyfi fyrirtækja til að nota merki Reykjanes Geopark í markaðssetningu og á tilteknum vörum. Frestað til næsta fundar.

3. Vetrarfundur Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness 2017

Rætt um vetrarfund ferðapjónustunnar á Reykjanesi 2017 sem fram fer 16. febrúar 2017. Samþykkt að leggja áherslu á markaðssetningu og hönnun áfangastaðar í dagskrá fundarins.

4. Fundur með Íslensku UNESCO nefndinni

Róbert sagði frá fundi sem hann og Eggert áttu með Íslensku UNESCO nefndinni í byrjun nóvember. Stjórnin er tilbúin að leggja sitt af mörkum svo að hægt verði að halda málþing um UNESCO staði á Íslandi.

5. Stefnumarkandi stjórnunaráætlun (DMP)

Rætt um gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlunar fyrir Reykjanes (DMP). Markaðsstofa Reykjaness leiðir verkefnið. Næstu skref eru hagsmunaaðilagreining og skipa í svæðisráð.

6. Gjaldtaka á ferðamannastöðum

Lögð fram samantekt frá Stjórnstöð ferðamála vegna gjaldtöku á bílastæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.

Fundargerð ritaði: ESJ